



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. febrúar 2016
Mál 788 á 145. löggjafarþing 2015–2016

Umsögn Félags um foreldrajafrétti (FUF) um frumvarp til laga um húsnæðisbætur


Það hefur lengi verið ætlun stjórnvalda að útrýma barnafátækt á Íslandi. Frumvarp þetta er tímamóta frumvarp í þeim efnum þar sem í því er gert ráð fyrir raunverulegum kostnaði hjá foreldri sem sinnir umgengni við barn sitt. Það er mat FUF að ekki sé hægt að útrýma barnafátækt nema taka bæði heimili barns með í reikninginn. Það er ekki hægt í raunveruleikanum og það er ekki hægt samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins, EU-SILC, sem Hagstofa Íslands notar í lífskjararannsóknnum hér á landi. Til þess að útrýma barnafátækt er nauðsynlegt að styðja við bæði heimili barns þegar foreldrar búa ekki saman. Félagið fagnar því þessu tímamóta frumvarpi og spáir því að verði það að lögum, þá muni áhrif þess sjást í verulegri fækkun barna undir lágtekjumörkum.

Til útskýringa á mikilvægi þess að taka tillit til beggja heimila barns, þá bendum við á að í greininni Fjölskyldur og framfærsla barna kemur fram að mikill munur er á afkomumöguleikum foreldra eftir því hvort þau eru með lögheimili barns hjá sér eða ekki. Þá eru umgengnisforeldrar skilgreindir með getu til þess að greiða viðbótarmeðlag samkvæmt viðmiðunartöflum innanríkisráðuneytið jafnvel þó þeir nái ekki að afla nægilegra tekna til þess að mæta dæmigerðu neyslumiðmiði velferðarráðuneytis (Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson, 2012).

Þá er nauðsynlegt að benda á að þegar Hagstofa Íslands mælir hversu mörg börn búa við tekjur undir lágtekjumörkum þá á heimilisgerðin einn fullorðin með barn eða börn bæði við um lögheimilisforeldra og umgengnisforeldra. Barn sem kemur í umgengni er hluti af heimili umgengnisforeldris. Spurningarnar eru ítarlegar og í rannsókninni er tekið tillit til þess að meðlag nýtist á heimili þess sem tekur við því og nýtist ekki á heimili þess sem greiðir (Hagstofa Íslands, 2014).

Það er mat FUF að lífskjararannsóknin sem byggja á stöðlum EU-SILC geti gefið góða mynd af stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Sá galli er þó á birtingu niðurstaðna að heimilisgerðir eru ekki flokkaðar eftir því hvort, ekkert barn; einhver börn; eða öll börn, hafi þar lögheimili. Fjárhagsleg mismunun foreldra eftir því hvort þau hafi lögheimili barns hjá sér eða ekki kallar á slíka flokkun á niðurstöðum lífskjararannsókna. Slík flokkun mynda varpa ljósi á hvar mesta barnafátæktin er.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags um foreldrajafrétti


Birgir Grímsson, formaður

Vefsíða: <http://www.foreldrajafrnretti.is>
Facebook: <https://www.facebook.com/Foreldrajafrnretti>
Netfang: stjorn@foreldrajafrnretti.is

Sími: 691 8644
Kennitala: 620997-2779
Bankareikn. 515-26-6209



Heimildir:

Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson. (2012). Fjölskyldur og framfærsla barna. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XIII: Félagsráðgjafardeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13379>

Hagstofa Íslands. (2014). *Lífskjararannsókn Hagstofunnar (SILC). Spurningalisti 2014 með skýringum og leiðbeiningum til spyrna*. Óbirtur spurningalisti Hagstofu Íslands. Sótt af <http://hagstofa.is/pages/2495>